

Mánudaginn 6. febrúar 1995.

Nr. 9/1993.

Stefán Stefánsson

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

Presti Sveinbjörnssyni vegna

ófjárráða Sigurðar Sveinbjörnssonar

(Stefán Pálsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1993. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málið var flutt fyrir Hæstarétti um formhlið þess 3. febrúar 1995. Báðir aðilar kröfðust þess, að það yrði tekið til efnislegrar meðferðar, en kröfðust ekki málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Mál þetta var tekið til dóms í héraði að lokinni aðalmeðferð 2. október 1992. Í þinghaldi 22. desember 1992 var eftirfarandi bókað: „Dómari málsins og lögmenn aðilja voru sammála um að ekki væri þörf á endurflutningi málsins enda þótt meira en fjórar vikur hafi liðið frá dómtöku málsins, sbr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Var þá kveðinn upp svohljóðandi dómur: . . .“ Í héraðsdómi er engin skýring gefin á drætti á dómsuppsögu eftir aðalflutning.

Samkvæmt framansögðu var málið dæmt án munnlegs málflutnings að nýju, er ellefu vikur og fjórir dagar voru liðnir frá aðalmeðferð. Í 1. mgr. 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði var sagt, að venjulega skyldi kveða upp dóma í munnlega fluttum málum, áður en annað mál yrði tekið til flutnings, og jafnan svo fljótt sem við yrði komið. Í skriflega fluttum málum skyldi dómi lokið á mál eigi síðar en þremur vikum eftir dómtöku. Samkvæmt 1. mgr. 115. gr. núgildandi laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 skal dómur kveðinn upp svo fljótt sem unnt er. Hafi dómur ekki verið

kveðinn upp í munnlega fluttu máli innan fjögurra vikna frá dóm-töku þess, skal það flutt að nýju, nema dómari og aðilar telji það óþarft. Í athugasemdum með frumvarpi til hinna nýju laga kemur fram, að um nokkuð breyttar reglur sé að ræða frá hljóðan eldri ákvæða, en í framkvæmd hafi þó verið beitt verklagi, er svipi mjög til ákvæða 1. mgr. 115. gr. Er þá til þess að líta, að Hæstiréttur hefur mótað þá dómvenju um langt árabil, að héraðsdómar hafa einlægt verið ómerktil, ef uppsaga þeirra hefur dregist úr hömlu.

Svigrúm héraðsdómara og lögmanna aðila til samkomulags um, að ekki sé þörf á að endurflytja mál, ef uppsaga þess dregst umfram fjórar vikur frá dómtöku, verður samkvæmt framansögðu að sæta takmörkunum. Með hliðsjón af fordæmum Hæstaréttar þykir rétt að líta svo á, að héraðsdómur verði að jafnaði ekki kveðinn upp að réttu lagi án raunverulegs endurflutnings, ef liðnar eru átta vikur frá munnlegum málflutningi, enda getur hann ekki komið að því gagni, sem til er ætlast, þegar dómsuppsaga dregst svo lengi.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.
